

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.12.2007
Tilv. 40.13
JP/gg

Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna, 209. mál

Bréf nefndasviðs Alþingis var sent barnasviði / Barnaspítala Hringsins dagsett 26. f.m. varðandi umsögn um ofangreint mál.


Frumvarpið fór til nánari skoðunar hjá þeim sérfræðingum Landspítala (LSH) sem hvað mest þekkja til málefna langveikra barna og aðstæðna foreldra þeirra.

Frumvarp þetta er tillaga til breytinga á l. 22/2006 sem tóku gildi 1. júlí 2006. Er verið að breyta lögunum en núverandi kerfi er vinnumarkaðstengt og skilyrði að foreldrar hafi verið samfellt í sex mánuði á vinnumarkaði. Er meðal annars verið að mæta þeim bráðaaðstæðum sem upp koma hjá fjölskyldum þegar börn fá alvarlega og langvinna sjúkdóma. Í athugasemdum við frumvarpið eru ágætlega raktar ástæður og forsendur fyrirhugaðrar lagabreytingar. Þar kemur m.a. fram að betur er tryggður réttur foreldra til tekjutengdra greiðslna en verið hefur og að bættur er réttur foreldra sem eru utan vinnumarkaðar.

Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga LSH sem yfirfarið hafa frumvarpið að í því felist mikil réttarbót.

Með vísan til framanritaðs og álits sérfræðinga á Barnaspítala Hringsins mælir Landspítali með framgangi máls nr. 209 um breytingar á lögum nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri

Afrit: Sigurður Kristjánsson, sviðsstjóri barnasviðs